



Borgarráð

Fyrirhuguð þátttaka borgarstjóra í COP25 - Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Madríd, og tengdum viðburðum, dagana 9. til 11. desember 2019

Fyrirhuguð er þátttaka borgarstjóra í COP25 - Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Madríd og tengdum viðburðum, dagana 9. til 11. desember 2019. Um er að ræða þátttöku í sjálfri ráðstefnunni sem hluti íslensku sendinefndarinnar. Ennfremur þátttöku í *Sustainable Innovation Forum* en vettvangurinn er haldinn í tengslum við loftslagsráðstefnuna í 10. skipti og er ætlað að leiða saman stjórnmalaleiðtoga og fólk úr atvinnulífi til samræðu um hvernig hraða megin aðgerðum til lausnar aðsteðjandi vanda. Borgarstjóri mun á vettvanginum hafa framsögu og taka þátt í málstofunni *Smart Cities for Sustainability* miðvikudaginn 11. desember milli kl. 12.10 og 13.00. Í málstofunni verður áhersla lögð á hvernig borgir þróa og nýta sér snjallar lausnir til að vinna gegn loftslagsvandanum og bæta loftgæði, m.a. á sviðum orkunýtingar og mannvirkjagerðar. Með borgarstjóra í för verða Pétur Krogh Ólafsson aðstoðarmaður og Líf Magneudóttir formaður umhverfis- og heilbrigðisráðs. Hjálagt er boðsbréf á *Sustainable Innovation Forum* ásamt dagskrárbæklingi.

Dagur B. Eggertsson